

Upplýsingar með ársreikningi

Kennitala:	Nafn:		
410998-2629	Brim hf.		
Reikningsár:	Reikningstegund:	Dagsetning aðalfundar:	Ársverk
2016	Ársreikningur	20.6.2017	153

Stjórnarmenn

Kennitala	Nafn
220860-4429	Guðmundur Kristjánsson
020758-6949	Hjálmar Þór Kristjánsson
130692-2149	Rebekka Guðmundsdóttir
130941-2149	Magnús Már S Gústafsson
040890-2469	Agnes Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjórar

Kennitala	Nafn
220860-4429	Guðmundur Kristjánsson
110666-4709	Ægir Páll Friðbertsson

Endurskoðendur/skoðunarmenn

Kennitala	Nafn
5210982449	Deloitte ehf.


Tíu stærstu hluthafar

Kennitala	Nafn	Hlutur %	Hlutafé
500797-2669	Línuskip ehf	46,96	304.900.000
620103-2920	Stillta útgerð ehf.	36,89	239.502.901
420201-5160	Fiskines ehf	14,63	95.000.000
410998-2629	Brim hf.	1,51	9.817.935
220860-4429	Guðmundur Kristjánsson	0,02	100.000

Brim hf.

Ársreikningur

2016



Brim hf.
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
kt. 410998-2629

Brim hf.

Ársreikningur

2016



Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-24

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Brim hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Brim hf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarrekning, efnahagsrekning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilalaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 21 þar sem fram kemur að félagið eigi í ágreiningi við Glitnir HoldCo ehf. og LBI vegna uppgjörs á skiptasamningum í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Ekki er færð upp skuldbinding í efnahagsrekningi félagsins vegna Glitnis HoldCo ehf.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan.

Við erum óháð Brim hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Brim hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 20. júní 2017

Deloitte ehf.



Birkir Leósson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Brim hf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Brim hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur. Á árinu 2016 nam meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu 153 talsins. Yfirlit um dótturfélög má finna í skýringu 9.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 8.264 milljónum króna á árinu. Hagnaður var af rekstrinum á árinu 2016 sem nam 116 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 50.804 milljónum króna í lok ársins 2016, eigið fé i lok ársins var 22.950 milljónir króna og eiginfjárlutfall félagsins var 45,2%.

Í lok árs voru fimm hluthafar í félaginu, en þrír í upphafi árs. Hluthafar eru:

		31.12.2016	31.12.2016	31.12.2015
Linuskip ehf.	500797-2669	304.900.000	47,0%	76,2%
Stillta útgerð ehf.	620103-2920	239.502.901	36,9%	0,0%
Fiskines ehf.	420201-5160	95.000.000	14,6%	23,8%
Brim hf.	410998-2629	9.817.935	1,5%	0,0%
Guðmundur Kristjánsson	220860-4429	100.000	0,02%	0,03%
Samtals:		649.320.836	100%	100%

Félagið keypti á árinu 9,8 milljón eigin hluti að nafnverði 1 króna á verðinu 453 milljónir króna. Eigin hlutir í árslok nema 2% af útgefnu hlutafé.

Ekki var greiddur út arður á árinu 2016 vegna rekstrar ársins 2015, ákvörðun um greiðslu arðs á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016 verður tekin á aðalfundi félagsins. Hagnaður ársins er færður á óráðstafað eigið fé í árslok 2016.

Félagið á í ágreiningi við Glitnir HoldCo ehf. og LBI, sem eru félög stofnuð á grunni föllnu bankanna, vegna skiptasamninga. Deilt er um gildi þeirra eða verðmæti þessara skiptasamninga samanber skýring 21.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Brim hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararángri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Brim hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. júní 2017

Í stjórn

Hjálmas Þórhalls
Stjórnarformáður

Rebekka Guðmundsd.

Magnús Guðrúnsson

Guðrún Ólafsdóttir

Agnes Guðmundsd.

Gunnar Ólafsson
Framkvæmdastjóri

Olli Þóll Friðriksson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur		8.263.875.177	9.780.268.893
Kostnaðarverð seldra vara		(6.243.654.688)	(7.170.179.990)
Framlegð		2.020.220.489	2.610.088.903
Aðrar tekjur		41.944.664	349.116.224
Annar rekstrarkostnaður		(405.129.374)	(369.896.738)
Afskriftir rekstrarfjármuna	7	(409.446.806)	(422.394.556)
Rekstrarhagnaður		1.247.588.973	2.166.913.833
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga	9	95.481.083	(149.485.072)
Fjármunatekjur	4	590.218.202	85.906.380
Fjármagnsgjöld	5	(714.622.428)	(547.512.815)
Gengismunur	6	957.390.298	(487.891.431)
Áhrif af dómi	21	(2.057.425.983)	0
Hagnaður fyrir skatta		118.630.145	1.067.930.895
Tekjuskattur	6	(2.225.759)	(438.478.412)
Hagnaður ársins		116.404.386	629.452.483

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	4.628.802.491	4.863.898.067
Aflaheimildir	8	10.811.533.388	10.811.533.388
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum	9	11.723.170.810	0
Eignarhlutur í öðrum félögum		15.566.144	15.566.351
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	10	9.521.974.286	8.605.885.438
		<u>36.701.047.119</u>	<u>24.296.883.244</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	12	404.364.063	985.846.443
Viðskiptakröfur	13	455.750.524	959.690.449
Fjárfestingarverðbréf	11	11.499.598.632	0
Kröfur á tengd félög	19	859.857.985	140.266.840
Aðrar skammtímakröfur	13	801.727.757	3.746.604.732
Handbært fé	13	81.307.689	40.979.667
		<u>14.102.606.650</u>	<u>5.873.388.131</u>
Eignir		<u>50.803.653.769</u>	<u>30.170.271.375</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	14	639.502.901	400.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		<u>13.372.256.284</u>	<u>2.565.000.000</u>
Lögbundinn varasjóður	15	114.027.695	100.000.000
Sérstakur endurmatsreikningur	15	2.956.494.095	2.067.970.452
Þýðingarmunur	15	(20.928.828)	(36.749.560)
Bundinn eiginfjárrrekningur	15	442.965.614	0
Óráðstafað eigið fé		<u>5.445.591.744</u>	<u>6.674.704.310</u>
Eigið fé		<u>22.949.909.505</u>	<u>11.770.925.202</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	10.834.126.965	12.514.640.306
Skuldir við tengd félög	16	1.659.673.907	0
Tekjuskattsskuldbinding	17	2.796.947.301	2.794.721.542
		<u>15.290.748.173</u>	<u>15.309.361.848</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	18	245.080.380	338.832.648
Skuldir við lánastofnanir	18	10.519.305.500	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	689.676.720	1.288.188.890
Ógreiddir reiknaðir skattar	6	0	584.320.438
Skuldir við tengd félög	19	594.552.696	280.047.696
Aðrar skammtímaskuldir	18	514.380.795	598.594.653
		<u>12.562.996.091</u>	<u>3.089.984.325</u>
Skuldir		<u>27.853.744.264</u>	<u>18.399.346.173</u>
Eigið fé og skuldir		<u>50.803.653.769</u>	<u>30.170.271.375</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.247.588.973	2.166.913.833
Afskriftir	7	409.446.806	422.394.556
Söluhagnaður af hlutabréfaeign		0	(15.069.657)
Söluhagnaður fastafjármuna		(9.265.374)	(326.968.151)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.647.770.405	2.247.270.581
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		581.482.380	(495.513.557)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		(59.189.139)	(413.587.442)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.170.063.646	1.338.169.582
Innborgaðir vextir og arður		19.886.084	4.394.836
Greiddir vextir		(597.350.272)	(537.040.008)
Gengismunur		(114.312.881)	1.159.330
Greiddir skattar		(584.320.438)	(266.358.349)
Greitt vegna dómsmáls		(2.057.425.983)	0
Handbært fé (til), frá rekstri		(1.163.459.844)	540.325.391
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(174.351.230)	404.762.034
Keypt fjárfestingaverðbréf		(59.736.165)	(1.003.784.771)
Afborganir skuldabréfaeignar		574.493.827	0
Keyptar aflaheimildir		(149.600.000)	0
Keyptir/seldir eignarhlutar		(11.533.873.679)	25.107.502
Hækkun á kröfum á tengd félög		(351.439.447)	(140.266.840)
		(11.694.506.694)	(714.182.075)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(1.020.040.731)	(1.063.493.829)
Nýjar langtímaskuldir		2.555.841.842	5.255.614.500
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir		11.680.432.953	(4.323.427.379)
(Lækkun)/Hækkun á skuldum við tengd félög		(256.649.714)	66.734.577
		12.959.584.350	(64.572.131)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		101.617.812	(238.428.815)
Handbært fé í upphafi árs		40.979.667	275.814.447
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(61.289.790)	3.594.035
Handbært fé í lok árs		81.307.689	40.979.667

Yfirlit um eigið fé ársins 2016

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Sérstakt endurmat	Bundinn eiginfjár-reikningur	Þýðingar-munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1. janúar 2015	305.000.000		76.250.000	2.205.860.684		(14.290.701)	5.931.111.595	8.503.931.578
Hækkun hlutafjár.....	95.000.000	2.565.000.000						2.660.000.000
Afskrift af endurmati.....				(137.890.232)			137.890.232	0
Tillag í varasjóð.....			23.750.000				(23.750.000)	0
Þýðingarmunur.....						(22.458.858)		(22.458.858)
Hagnaður ársins.....							629.452.483	629.452.483
1. janúar 2016	400.000.000	2.565.000.000	100.000.000	2.067.970.452		(36.749.559)	6.674.704.310	11.770.925.203
Hækkun hlutafjár.....	249.320.836	11.250.277.796						11.499.598.632
Kaup á eigin bréfum.....	(9.817.935)	(443.021.512)						(452.839.447)
Endurmat dótturfélags.....				1.026.413.875			(1.026.413.875)	0
Afskrift af endurmati.....				(137.890.232)			137.890.232	0
Tillag í varasjóð.....			14.027.695				(14.027.695)	0
Þýðingarmunur.....						15.820.731		15.820.731
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....					442.965.614		(442.965.614)	0
Hagnaður ársins.....							116.404.386	116.404.386
31. desember 2016	639.502.901	13.372.256.284	114.027.695	2.956.494.095	442.965.614	(20.928.828)	5.445.591.744	22.949.909.505

Skýringar

1. Starfsemi

Brim hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Brim hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur sem var stofnað árið 1998.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Brim hf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftifarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi yfirráða til loka þeirra. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð til eignar og skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti á 10 árum. Viðskiptavild skal sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftar ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram. Ef gangvirði viðskiptavilda (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af varanlegum fiskveiðiheimildum og eru eignir þessar ekki afskrifaðar.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Virðisýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisýrnunar. Komi fram vísbending um virðisýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárvíði sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Áhættustjórnun

Hluti af áhættustýringu félagsins hefur verið að langtímaskuldir fylgi breytingum margra gjaldmiðla og að afla kvóta í ýmsum tegundum þannig að félagið er ekki háð einni fisktegund með tekjuflun.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttинга á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færst matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfapíngi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímaskuldur

Langtímaskuldur eru færðar á nafnverði að frádegnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísítolu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og færður til gjalda á líftíma lánanna.

Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinist þannig:

	2016	2015
Laun	2.790.775.382	3.483.955.004
Lífeyrissjóður	275.577.074	336.225.492
Önnur launatengd gjöld	<u>359.445.984</u>	<u>444.537.254</u>
	<u>3.425.798.440</u>	<u>4.264.717.750</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður sundurliðast þannig á liði rekstrarreikningsins:

Útgerð	3.009.762.805	3.922.564.262
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	416.035.635	342.153.488
	<u>3.425.798.440</u>	<u>4.264.717.750</u>
Stöðugildi að meðaltali	153	142

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2016 námu 77,6 milljónum króna

4. Fjármunatekjur

	2016	2015
Vaxtatekjur	578.181.536	85.316.880
Arður af hlutabréfaeign	<u>12.036.666</u>	<u>589.500</u>
	<u>590.218.202</u>	<u>85.906.380</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2016	2015
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	2.257.523	4.033.394
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	711.799.937	542.923.497
Önnur vaxtagjöld	<u>564.968</u>	<u>555.924</u>
	<u>714.622.428</u>	<u>547.512.815</u>

Skýringar

6. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársrekninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 2.225.759 kr. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2017 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2016		2015	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	118.630.145		1.067.930.895	
Skatthlutfall	23.726.029	20,0%	213.586.179	20,0%
Fenginn arður	-2.407.333	-2,0%	-117.900	-0,01%
Frádráttarbær söluhagnaður hlutabréfa	0	0,0%	-3.013.931	
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga	-19.096.217	-16,1%	228.020.504	21,4%
Aðrir liðir	3.280	0,0%	3.560	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>2.225.759</u>	<u>1,9%</u>	<u>438.478.412</u>	<u>41,1%</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip	Vélar, innréttigar bifreiðar og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	644.476.667	7.251.503.829	46.511.772	7.942.492.268
Eignfært á árinu	0	111.738.511	62.612.719	174.351.230
Staða í árslok	<u>644.476.667</u>	<u>7.363.242.340</u>	<u>109.124.491</u>	<u>8.116.843.498</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	195.123.647	2.864.518.291	18.952.263	3.078.594.201
Afskrift ársins	25.779.066	374.700.959	8.966.781	409.446.806
Staða í árslok	<u>220.902.713</u>	<u>3.239.219.250</u>	<u>27.919.044</u>	<u>3.488.041.007</u>
Bókfært verð				
Staða í ársbyrjun	449.353.020	4.386.985.538	27.559.509	4.863.898.067
Staða í árslok	<u>423.573.954</u>	<u>4.124.023.090</u>	<u>81.205.447</u>	<u>4.628.802.491</u>
Afskriftarhlutföll	4%	5-15%	0-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Veðsetningar	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir	510.250.000	1.208.266.361	365.250.000	423.573.954
Skip og fylgihlutir				
Guðmundur í Nesi RE-13	8.770.000.000	3.000.000.000	1.808.945.950	
Brimnes RE-27	3.443.994.683	3.928.811.000	2.232.546.745	
Kleifaberg ÓF-2	6.268.763.402	821.412.289	82.530.395	
	<u>18.482.758.085</u>	<u>7.750.223.289</u>	<u>4.124.023.090</u>	
Samtals	<u>19.691.024.446</u>	<u>8.115.473.289</u>	<u>4.547.597.044</u>	

Skýringar

8. Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:

	Aflaheimildir
Staða í ársbyrjun	10.811.533.388
Eignfært á árinu	149.600.000
Selt og aftagt á árinu	(149.600.000)
Staða í árslok	10.811.533.388

Úthlutaðar aflaheimildir til fiskiskipa Brim hf. fiskveiðíárið 2016/2017 miðað við slægðan fisk:

	Aflahlutdeild í prósentum 2016/2017	Aflamark í tonnum 2016/2017	Aflamark í þorskígildis í tonnum	Óveitt aflamark í tonnum 31.12.2016
Þorskur.....	0,8197827%	1.590	1.590	58
Ýsa.....	2,8557457%	786	817	761
Ufsi.....	5,5096663%	2.516	1.988	1.850
Karfi.....	7,5254372%	3.364	2.321	1.423
Djúpkarfi.....	7,9959840%	978	832	0
Langa.....	2,2645449%	140	95	169
Keila.....	3,7841797%	109	46	88
Skötuselur.....	0,0903753%	1	1	1
Grálúða.....	19,9868869%	2.357	6.246	1.219
Steinbítur.....	3,2485793%	244	156	234
Blálanga.....	5,1212164%	79	44	20
Gulllax.....	30,5621554%	2.282	936	1.987
Litli Karfi.....	30,8370257%	438	140	493
Skarkoli.....	3,4822024%	222	149	96
Þykkvalúra.....	3,7766001%	36	50	32
Skrápflúra.....	0,5248467%	0	0	0
Langlúra.....	0,1757069%	2	1	2
Sandkoli.....	0,1187256%	1	0	1
Úthafsrækja.....	6,2817253%	244	373	244
Rækja við Snæfellsnes.....	6,2817253%	41	64	42
	15.430	15.849		8.721

Úthlutaðar aflaheimildir til fiskiskipa Brim hf. utan íslenskrar landhelgi fiskveiðíárið 2016/2017

	Aflahlutdeild í prósentum 2016/2017	Aflamark í tonnum 2016/2017	Aflamark í þorskígildis í tonnum	Óveitt aflamark í tonnum 31.12.2016
Úthafskarfi.....	3,8812569%	86	78	86
Þorskur í Barentshafi.....	16,8640609%	1.786	1.786	1.786
		1.872	1.864	1.871
Veiðiheimildir samtals		17.301	17.713	10.592

Félagið hefur leyfi til veiða á makríl. Úthlutun í makríl var 5.277 tonn á árinu 2016.

Skýringar

9. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum:			
Arctic Prime Production A/S	100%	DKK 34.500.000	Fiskvinnsla og önnur skyld starfsemi
Icelandic Japan KK	100%	JPY 50.000.000	Sala sjávarafurða og skyld starfsemi
Icelandic China	100%	CNY 2.871.440	Sala sjávarafurða og skyld starfsemi
Icelandic Hong Kong	100%	USD 1.289	Sala sjávarafurða og skyld starfsemi
Ögurvík ehf.	100%	ISK 10.000.000	Útgerð og önnur skyld starfsemi
Seafood services ehf.	100%	ISK 500.000	Sérfræðiráðgjöf í sjávarútvegi
Gjörvi ehf.	100%	ISK 600.000	Vélaverkstæði

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:

Arctic Prime Fisheries ApS	25%	DKK 31.250	Útgerð og önnur skyld starfsemi
Staða í ársbyrjun			2016 2015
Keypt á árinu		11.538.901.555	0
Neikvæður eignarhluti færður til lækkunar á viðskiptakröfu		72.967.438	207.479.765
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags fært til lækkunar vaxtatekjum frá hlutdeildarfélagi		0	(142.640.084)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga		332.363.514	(149.485.072)
Óinnleystur hagnaður í birgðum		(115.776.400)	
Afskrift viðskiptavilda		(121.106.031)	0
Þýðingarmunur		15.820.733	(22.458.858)
Staða í árslok		11.723.170.810	0

Hlutdeild í afkomu

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu ársins greinist þannig:	2016	2015
Arctic Prime Production A/S	44.740.781	(149.485.072)
Icelandic Japan KK	97.865.818	0
Icelandic China	(1.959.665)	0
Icelandic Hong Kong	13.061.106	0
Ögurvík ehf.	287.297.909	0
Seafood services ehf.	0	0
Gjörvi ehf.	(3.675.190)	0
Arctic Prime Fisheries ApS	(104.967.245)	0
	332.363.514	(149.485.072)

Skýringar

10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Kröfur á tengda aðila	9.521.974.286	8.605.885.438
Staða í ársbyrjun	8.605.885.438	11.864.323.377
Viðbót á árinu	168.736.165	1.602.953.771
Afborganir á árinu	(579.521.703)	(85.000.000)
Gengismunur	(2.103.233.166)	(1.223.987.573)
Neikvæður eignarhluti færður til lækkunar á kröfu	(72.967.233)	(207.479.765)
Næsta árs afborgun	2.932.742.667	(3.569.076.000)
Áfallnar vaxtatekjur	570.332.118	224.151.628
Staða í árslok	9.521.974.286	8.605.885.438

11. Fjárfestingarverðbréf

	31.12.2016	31.12.2015
Vinnslustöðin hf.	11.499.598.632	0
Staða í ársbyrjun	0	0
Keypt á árinu	11.499.598.632	0
Staða í árslok	11.499.598.632	0

Eignarhlutur í Vinnslustöðinni hf. að nafnverði 532.882.235 kr. var aflað í þeim tilgangi að endurselja og er því færður á kostnaðarverði.

12. Vörubirgðir

	31.12.2016	31.12.2015
Afurðir	283.489.817	871.332.464
Rekstrarvörur	50.274.246	37.948.979
Veiðarfæri	70.600.000	76.565.000
	404.364.063	985.846.443
Tryggingaverðmæti birgða	1.200 m.kr.	1.623 m.kr

Skýringar

13. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur	470.250.524	974.190.449
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(14.500.000)	(14.500.000)
	<u>455.750.524</u>	<u>959.690.449</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur	139.501.918	62.497.813
Fyrirframgreiddur kostnaður	22.894.648	112.833.529
Fjármagnstekjuskattur	1.811.545	852.319
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	636.333.333	3.569.076.000
Aðrar kröfur	1.186.313	1.345.071
	<u>801.727.757</u>	<u>3.746.604.732</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	20.467.416	21.050.250
Bankainnstæður í erlendri mynt	60.840.273	19.929.417
	<u>81.307.689</u>	<u>40.979.667</u>

14. Útgefið hlutafé

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Hlutafé	649.320.836	100%	649.320.836
Eigin hlutir í árslok	(9.817.935)	-2%	(9.817.935)
	<u>639.502.901</u>	<u>98,5%</u>	<u>639.502.901</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 649.320.836 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.



Skýringar

15. Annað bundið eigið fé

	31.12.2016	31.12.2015
Lögbundinn varasjóður	114.027.695	100.000.000
Þýðingarmunur	(20.928.828)	(36.749.560)
Endurmatsreikningur	2.956.494.095	2.067.970.452
Óinnleystar hlutdeildartekjur frá dóttur- og hlutdeildarfélögum	442.965.614	0
	<u>3.492.558.576</u>	<u>2.031.220.892</u>

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði. Tillag í varasjóð skal nema a.m.k. 10% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en eftir það er tillagið a.m.k. 5% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 25% af nafnverði hlutafjár. Í árslok var hlutfall varasjóðs af hlutafé 17,8%.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dótturfélög Brim hf. eru með aðra starfrækslumynt en móðurfélagið.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækjun skipa sem notaðar eru í rekstri félagsins að frádegnum tekjuskattáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning með samsvarandi mótfærslu af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Óinnleystar hlutdeildartekjur frá dótturfélögum

	31.12.2016	31.12.2015
Staða í upphafi árs	0	0
Óinnleystar hlutdeildartekjur ársins	<u>442.965.614</u>	0
Staða í lok árs	<u>442.965.614</u>	0

Samkvæmt lögum um ársreikninga ber félögum að færa hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram því sem nemur móttaknum arði eða þeim arðir sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár. Reglan gildir frá 1. janúar 2016.

Skýringar

16. Langtímaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnun í CHF	848.117.355	1.115.640.121
Skuldir við lánastofnun í EUR	9.090.396.421	11.176.369.935
Skuldir við lánastofnun í GBP	96.048.569	143.422.692
Skuldir við lánastofnun í JPY	693.340.183	513.091.304
Skuldir við lánastofnun í USD	<u>676.441.154</u>	<u>854.305.141</u>
Langtímaskuldir við lánastofnanir alls	11.404.343.682	13.802.829.193
Langtímaskuldir við tengdan aðila í EUR	1.779.133.907	0
	<u>13.183.477.592</u>	<u>13.802.829.196</u>
 Næsta árs afborganir langtímaskulda	 (689.676.720)	 (1.288.188.890)
Skuldir við lánastofnanir færðar meðal langtímaskulda	10.834.126.962	12.514.640.303
Skuldir við tengdan aðila færðar meðal langtímaskulda	1.659.673.907	0
	<u>12.493.800.872</u>	<u>12.514.640.306</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Afborganir	Tekjuskattsskuldbinding
Næsta árs afborganir	689.676.720	689.676.720
Afborganir 2018	689.676.720	689.676.720
Afborganir 2019	6.458.956.940	6.458.956.940
Afborganir 2020	3.548.729.335	3.548.729.335
Afborganir 2021	<u>1.796.437.877</u>	<u>1.796.437.877</u>
	<u>13.183.477.592</u>	<u>13.183.477.592</u>

17. Tekjuskattsskuldbinding

	Tekjuskattsskuldbinding
Staða í ársbyrjun 2015	2.940.563.568
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2015	438.478.412
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016	<u>(584.320.438)</u>
Staða í ársbyrjun 2016	2.794.721.542
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2016	2.225.759
Staða í árslok 2016	<u>2.796.947.301</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2016	31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	747.129.625	814.655.478
Óefnislegar eignir	2.028.294.740	2.028.294.740
Aðrir liðir	92.225.936	(48.228.676)
Áhrif af yfirfaranlegu skattalegu tapi	<u>(70.703.000)</u>	0
	<u>2.796.947.301</u>	<u>2.794.721.542</u>

Yfirfaranlegt skattalegt tap er nýtanlegt til ársins 2026 og nemur kr. 353.514.998.

Skýringar

18. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
--	------------	------------

Viðskiptaskuldir	245.080.380	<u>338.832.648</u>
------------------------	-------------	--------------------

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
--	------------	------------

Ógreidd laun og launatengd gjöld	260.477.022	431.839.291
Ógreiddir áfallnir vextir	168.750.663	51.478.507
Aðrar skuldir	<u>85.153.110</u>	115.276.855
	<u>514.380.795</u>	<u>598.594.653</u>

Skammtímaskuldir við lánastofnanir og tengda aðila

	31.12.2016	31.12.2015
--	------------	------------

Næsta árs afborganir af skuldum við lánastofnanir	570.216.720	1.288.188.890
Næsta árs afborganir af skuldum við tengda aðila	<u>119.460.000</u>	<u>1.288.188.890</u>
	<u>689.676.720</u>	<u>1.288.188.890</u>

Skuldir við lánastofnanir í EUR	5.232.348.000	0
Skuldir við lánastofnanir í USD	5.286.957.500	0
	<u>10.519.305.500</u>	<u>0</u>

Skammtímaskuldir við lánastofnanir samanstanda af tveimur lánum. Í janúar 2017 var lán í EUR endurfjármagnað til fimm ára. Til stendur jafnframt að endurfjármagna lán í USD til lengri tíma.

Skýringar

19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Stöður við tengda aðila í árslok 2016 eru eftirfarandi:

	Kaup	Sala	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélög	222.614.834	4.387.721.988	10.804.054.960	2.350.288.621
Aðrir tengdir aðilar	62.400.000	158.865.374	214.110.644	23.397.982
	285.014.834	4.546.587.362	11.018.165.604	2.373.686.603

Stöður við tengda aðila í árslok 2015 eru eftirfarandi:

	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélög	12.174.961.438	0
Aðrir tengdir aðilar	140.266.840	280.047.696
	12.315.228.278	280.047.696

20. Ábyrgðir og veðsetningar

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 19.691 milljónir króna í árslok 2016. Bókfært verð veðsettra eigna í árslok nemur 4.547 milljónum króna.

Félagið er í sjálfskuldarábyrgð fyrir dótturfélög sín að fjárhæð 1.271 milljón króna.

Skýringar

21. Önnur mál

Í árslok 2016 stendur eftir óleyst krafa Glitnis í tengslum við skiptasamninga að fjárhæð 1.999 milljónir ásamt dráttarvöxtum. Stjórnendur Brim hf. viðurkenna ekki þá kröfu og hefur hún því ekki verið færð í rekstur og efnahag félagsins. Glitnir þingfesti mál gegn Brimi þann 21.06.2012. Málið var fellt niður þann 20.1.2016 vegna útvistar lögmanns Glitnis. Þann 19.4.16 höfðaði Glitnir HoldCo ehf. að nýju mál sem byggir á sömu samningum og útivist varð á þann 20.1.2016. Brim hafnar öllum kröfum sem gerðar eru þar sem meðal annars er ljóst að enginn starfsmáður Brims hafi beðið um eða gert 23 af 31 samningum sem gerð er krafa um að greiða og mynda um 90% af kröfum Glitnis Holdco ehf. Brim gerir kröfu um að málinu verið vísad frá. Framferði lögmanns Glitnis Holdco ehf. hefur einig verið kært til Úrskurðarnefndar Lögmanns vegna framgöngu lögmannsins þar sem lögmaðurinn hótar fyrrverandi starfsmanni Brims sem er tilvonandi vitni í málinu.

Þann 6. október 2016 kvað Hæstaréttur Íslands upp dóm í málinu nr. 39/2016, Brim hf. gegn LBI hf. Niðurstaða Hæstaréttar var að staðfesta héraðsdóm í málinu en dómsorð hins áfrýjaða dóms hljóðaði svo:

Stefndi, Brim hf., greiði stefnanda, LBI hf., 756.517.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. febrúar 2009.

Brim hf. greiddi samkvæmt dómsorði með eftirfarandi fyrirvörum og áskilnaði:

1. Brim hf. telur niðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016 ranga. Fimm af þeim átta afleiðusamningum, sem voru grundvöllur dómkröfu LBI hf. í heraði, voru gerðir upp með nýjum afleiðusamningum þann 9. október 2008. Með dómi Hæstaréttar hefur Brim hf. því verið gert að greiða umrædda samninga í tvígang. Brim hf. telur þá niðurstöðu andstæða lögum og mun leita allra leiða til að fá henni hnekkt, þ.m.t. með endurupptökum málsins fyrir innlendum dómstólum og með málskoti til yfirþjóðlegra stofnana. Komi til þess að dómi Hæstaréttar verði hnekkt, honum breytt eða dómurinn að einhverju leyti endurskoðaður, hvort sem er af innlendum eða erlendum stofnunum, mun Brim hf. gera kröfu um endurgreiðslu þess fjár sem innt hefur verið af hendi til LBI hf. á grundvelli dómsorðs Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016, með dráttarvöxtum og öðrum kostnaði.

2. Brim hf. telur að forsvarsmenn LBI hf. hafi vitað eða mátt vita við höfðun dómsmálsins að gerð væri krafa um tvígreiðslu þeirra fimm afleiðusamninga sem gerðir voru upp með nýjum afleiðusamningum þann 9. október 2008. Með þeirri framsetningu málsins að gera ekki grein fyrir endurnýjunum en leggja þess í stað fram uppgerða samninga voru bæði dómstólar landsins og forsvarsmenn Brims hf. blekkir. Þessi blekking leiddi til rangrar dómsniðurstöðu í heraði og fyrir Hæstarétti. Brim hf. telur þessa háttsemi saknæma og ólögmæta og því skaðabótaskylda. Áskilur Brim hf. sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn LBI hf. og fyrirsvarsmönnum þess í því skyni að fá tjón sitt bætt. Greiðsla á dómsorði Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016 er innt af hendi með þeim fyrirvara.

3. Brim hf. telur að Landsbanki Íslands hf., sem í dag er LBI hf., hafi á þeim tíma sem afleiðusamningar aðila voru gerðir, haft ólögmæt áhrif á gengispróun íslensku krónunnar og þannig stundað markaðssvik á gjaldeyrismarkaði. Landsbanki Íslands hf. hafði ólögmætt samráð við aðra banka á Íslandi á þeim tíma í því skyni að hafa áhrif á framboð og eftirspurn á markaðinum og vissu starfsmenn bankans það og máttu vita. Viðskipti Landsbanka Íslands hf. við Brim hf. voru þar af leiðandi ólögmæt. Áskilur Brim hf. sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn LBI hf. og fyrirsvarsmönnum þess í því skyni að fá tjón sitt bætt vegna þessa. Greiðsla á dómsorði Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016 er innt af hendi með þeim fyrirvara.

4. Brim hf. telur að fyrirsvarsmenn Landsbanka Íslands hf., sem í dag er LBI hf., hafi beitt forsvarsmenn Brims hf. blekkingum um efni og eðli afleiðusamninganna, sem síðar urðu grundvöllur að dómsniðurstöðu Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016, í því skyni að koma þeim á og viðhalda þeim. Áskilur Brim hf. sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn LBI hf. og fyrirsvarsmönnum þess í því skyni að fá tjón sitt bætt vegna þessa. Greiðsla á dómsorði Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016 er innt af hendi með þeim fyrirvara.

Skýringar

21. Önnur mál (frh.)

5. Brim hf. telur að uppgjör og efndir afleiðusamninga aðila hafi verið háð þeim grundvallarágalla að LBI hf. afhenti Brim hf. aldrei erlendar myntir eins og skylt var samkvæmt efni þeirra. Brim hf. telur að LBI hf. hafi lagt fram röng sönnunargögn er varðar afhendingu á erlendum myntum. Í stefnu og fyrir dómi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti var því haldið fram að LBI hf. hafi afhent Brim hf. erlenda gjaldmiðla. Brim hf. hefur aðgang að sönnunargögnum þar sem staðfest er að IG reikningar með höfuðbók 38 eru íslenskir krónureikningar með gengisviðmiði. LBI hf. afhenti Brim hf. því gengistryggðar íslenskar krónur. Þar af leiðandi voru sönnunargögn rangfærð í dómsmálinu að mati Brims hf. auk þess sem LBI hf. vanefndi samningana og beitti auk þess Brim hf. og dómstóla landsins blekkingum um efni og eðli afleiðusamninganna. Áskilur Brim hf. sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn LBI hf. og fyrirsvarsmönnum þess í því skyni að fá tjón sitt bætt vegna þessa. Greiðsla á dómsorði Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016 er innt af hendi með þeim fyrirvara.

6. Brim hf. telur að LBI hf. og fyrirsvarsmenn félagsins hafi brotið gegn þagnarskyldu fjármálfyrirtækja og lagaákvæðum um bankaleynd með því að birta upplýsingar úr afgreiðslukerfi Nýja Landsbankans hf. um bankareikninga Brims hf. hjá Nýja Landsbankanum hf.

Að öðru leyti eru gerðir fyrirvarar við alla þætti þeirrar greiðslu sem Brim hf. greiddi til LBI hf. til uppgjörs á dómsorði hæstaréttarmálsins nr. 39/2016. Áskilur Brim hf. sér allan rétt til að endurheimta fjárhæðina, hvort sem er með endurskoðun dóms Hæstaréttar, á grundvelli skaðabótamála gegn þeim aðilum sem bera ábyrgð á því að niðurstæða Hæstaréttar Íslands í máli félaganna varð röng, eða með öðrum hætti á grundvelli umfjöllunar eða endurskoðunar innlendra eða erlendra stofnana á dómi Hæstaréttar eða þeirri háttsemi fyrirsvarsmanna LBI hf. sem varð grundvöllur að niðurstöðu réttarins.

Brim hf. áskilur sér sérstakan rétt til að draga LBI hf. og fyrirsvarsmenn þess til ábyrgðar, komi í ljós á síðari stigum að sú fjárhæð sem Brim hf. hefur innt af hendi á grundvelli dóms Hæstaréttar í málinu nr. 39/2016, komi til endurskoðunar dóms Hæstaréttar eða fébótaábyrgðar LBI hf. eða fyrirsvarsmanna þess vegna dómsniðurstöðunnar.

Þá áskilur Brim hf. sér rétt til að sækja greiðslu eða fébætur á hendur þeim aðilum sem kunna að fá fjárhæðina til ráðstöfunar frá LBI hf., hvort sem er að hluta eða í heild. Er þess sérstaklega krafist að fyrirvarar Brims hf. við greiðsluna verði kynntir öllum þeim aðilum sem fjárhæðinni verður hugsanlega ráðstafað til, hvort sem er að hluta eða í heild.

Skýringar

22. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Á árinu átti félagið eftirfarandi viðskipti sem ekki hreyfðu handbært fé og koma því ekki fram í sjóðstreymi félagsins:

- Hlutafjáraukning félagsins á tímabilinu var greidd með hlutabréfum í Vinnslustöðinni hf.
- Kaup á eigin bréfum voru greidd með jöfnun á móti kröfu.
- Kaup á eignarhluta í dótturfélagi voru greidd með jöfnun á móti kröfu.
- Sala á aflahlutdeild fékkst greidd með skuldabréfi og jöfnun viðskiptakröfu.

23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundí þann 20. júní 2017

24. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:

	2016	2015
Arðsemi		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	1.657.035.779	2.589.308.389
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,20	0,26
b) Hagnaðarhlutfall	0,01	0,06
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,18	1,57
d) Arðsemi eigin fjár	0,01	0,06
a) EBITDA/rekstrartekjur	b)) Hagnaður ársins/rekstrartekjur	
c) Hagn. á hverja krónu nafnv. hlutafjár (EPS)	d)) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár	

Úr efnahagsreikningi:

	31.12.2016	31.12.2015
Nýting fjármagns		
e) Fjárbinding í birgðum	0,05	0,10
f) Veltuhraði eigna	0,20	0,32
g) Veltuhraði birgða	8,98	9,71
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	11,68	13,15
e) Birgðir/rekstrartekjur	g)) KSV/meðalstaða birgða	
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna	h)) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna	
Greiðsluhæfi		
i) Lausafjárlutfall	1,09	1,58
j) Veltufjárlutfall	1,12	1,90
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuld	j)) Veltufjármunir/skammtímaskuldir	
Fjárhagslegur styrkur		
k) Eiginfjárlutfall	0,45	0,39
l) Innra virði hlutafjár	35,89	29,43
k) Eigið fé/heildarfjármagn	l)) Eigið fé/hlutafé	